



## AÐALSKIPULAG SEYÐISFJARÐARKAUPSTAÐAR 2010-2030

Breyting vegna Fjarðarheiðaganga; ný vegtenging, jarðgöng og gangamunni, nýtt efnistökusvæði, færsla á vatnsbóli og vatnsverndarsvæði og breytt landnotkun vegna færslu á golfvelli.



**27.01.2023**

Yfirfarin útgáfa dags.01.11.23





## SAMÞYKKTIR



MÚLAPING

Aðalskipulag Seyðisfjarðarkaupstaðar 2010-2030

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af sveitarstjórn Múlapings þann 19/6 2023

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun þann 13/12 2023

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest með auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda: \_\_\_\_\_

## UPPLÝSINGAR

SKJALALYKILL

2370-038-GRG-01-V09

HÖFUNDUR

Kamma Dögg Gísladóttir

RÝNT

Anna Katrín Svavarsdóttir, Hrafnhildur Brynjólfsson, Ingibjörg Sveinsdóttir

EFLA VERKFRÆÐISTOFA

+354 412 6000 [efla@efla.is](mailto:efla@efla.is) [www.efla.is](http://www.efla.is)

## EFNISYFIRLIT

<b>1</b>	<b>ALMENNT</b>	<b>5</b>
1.1	Markmið breytingar	5
1.2	Umhverfismat áætlunarinnar	6
1.3	Skipulagsgögn	6
<b>2</b>	<b>FORSENDUR</b>	<b>6</b>
2.1	Staðhættir	6
2.1.1	Nýr vegur	7
2.1.2	Jarðgöng og gangamunni	7
2.1.3	Göngu-, hjóla og reiðleiðir	7
2.1.4	Efnistöku- og efnislosunarsvæði við Fjarðarheiðagöng	7
2.1.5	Golfvöllur	8
2.1.6	Vatnsverndarsvæði	8
2.1.7	Náttúruvá	8
2.1.8	Gróður og dýralíf	9
2.2	Fornleifar	9
2.3	Tengsl við aðrar áætlanir	10
2.3.1	Landskipulagsstefna 2015-2026	10
2.3.2	Drög að Samgönguáætlun 2024-2038	10
2.3.3	Deiliskipulag	10
<b>3</b>	<b>BREYTING Á AÐALSKIPULAGI</b>	<b>11</b>
3.1	Jarðgöng og nýr vegur	11
3.1.1	Breyting á greinargerð	11
3.1.2	Breyting á uppdrætti	11
3.2	Göngu-, hjóla- og reiðleiðir	12
3.2.1	Breyting á uppdrætti	12
3.3	Efnistöku- og efnislosunarsvæði	12
3.3.1	Breyting á greinargerð	12
3.3.2	Breyting á uppdrætti	12
3.4	Opin svæði til sérstakra nota, óbyggð svæði, athafnasvæði og iðnaðarsvæði	12
3.4.1	Breyting á uppdrætti	12
3.5	Vatnsból og vatnsverndarsvæði	13
3.5.1	Breyting á uppdrætti	13
<b>4</b>	<b>UMHVERFISMATSSKÝRSLA</b>	<b>13</b>
4.1	Vægi umhverfisáhrifa	13
4.2	Umhverfisþættir, matsspurningar og viðmið	14
4.3	Valkostir og umhverfisáhrif	15

4.3.1	Jarðgöng og nýr vegur	15
4.4	Niðurstaða umhverfismats og mótvægisáðgerðir	17
5	<b>MÁLMEÐFERÐ OG UMSAGNARADILAR</b>	<b>18</b>
5.1	Málsmeðferð	18
5.2	Yfirfarin útgáfa dags. 01.11.2023	18
5.3	Umsagnaraðilar breytingar	18

## TÖFLUYFIRLIT

Tafla 1. Vægi áhrifa.	13
Tafla 2. Yfirlit yfir umhverfisþætti, matsspurningar og viðmið.	14

## 1 ALMENNT

Vegagerðin undirbýr að leggja Seyðisfjarðarveg (nr. 93) í jarðgöngum undir Fjarðarheiði. Núverandi leið til Seyðisfjarðar liggur í 620 metra hæð yfir Fjarðarheiði, sem lokast oft að vetrarlagi og er jafnframt eini akvegurinn til og frá Seyðisfirði. Tilgangur framkvæmdarinnar er að bæta vegasamgöngur, einkum að vetrarlagi, á milli byggðarinnar á Seyðisfirði og annarra byggðarlaga. Fyrirhuguð framkvæmd samræmist ekki gildandi aðalskipulagi og því er hér lögð fram tillaga að breytingu á því.

Breytingin er sett fram í 5 liðum:

1. **Jarðgöng, jarðgangamunni, nýr vegur og undirgöng:** Lega jarðganga undir Fjarðarheiði og jarðgangamunni við Gufufoss er sett á sveitarfélagsuppdrátt skv. hönnun Vegagerðarinnar. Nýr vegur frá jarðgangamunna að þéttbýlinu á Seyðisfirði, vegurinn er færður norður fyrir núverandi veg í þeim tilgangi að jafna hæðarlegu frá jarðgangamunna til Seyðisfjarðar. Nýr vegur verður skilgreindur sem stofnvegur en vegur að skíðasvæði í Stafdal frá vegamótum við Seyðisfjarðarveg utan við gangamunna við Gufufoss verður skilgreindur sem tengivegur og þaðan yfir Fjarðarheiði er vegurinn skilgreindur sem aðrir vegir. Gert er ráð fyrir undirgöngum undir nýja veglínu til að tryggja aðgengi að svæðinu fyrir ofan fyrirhugaðan veg.
2. **Göngu-, hjóla- og reiðleiðir:** Skilgreindar eru nýjar gönguleiðir til að aðlaga þær að nýjum vegi, tengja nýjan golfvöll, hesthúsasvæði og athafnasvæði við göngustígakerfi bæjarins og auka þar með útivistarmöguleika á svæðinu.
3. **Efnistökusvæði:** Afmarkað er nýtt efnistökusvæði við gangamunnann þar sem gert er ráð fyrir efnistöku og efnisvinnslu í vegagerð í og utan jarðganga, tímabundnu haugsetningarsvæði fyrir umfræfni til síðari nota til vegagerðar, viðhalds vega og annarra framkvæmda í sveitarfélaginu eftir samkomulagi.
4. **Opin svæði til sérstakra nota, óbyggð svæði, athafna- og iðnaðarsvæði:** Nýr vegur Seyðisfjarðar megin við jarðgöngin þverar golfvöll og athafnasvæði sunnan við kirkjugarðinn eins og það er í dag. Í skipulagsbreytingunni er afmarkað nýtt svæði fyrir golfvöllinn þar sem uppbygging golfvallarins getur farið fram á einu svæði. Afmarkað er opið svæði til sérstakra nota þar sem gert er ráð fyrir golfvelli og afmarkað er óbyggt svæði þar sem áður var golfvöllur. Vegna færslu á golfvelli mun afmörkun iðnaðarsvæðis fyrir Fjarðarselsvirkjun breytast sem hefur ekki nein áhrif á starfsemi virkjunarinnar.
5. **Vatnsból og vatnsverndarsvæði:** Brunnsvæði fyrir vatnsból Seyðfirðinga er fært upp fyrir fyrirhugaðan jarðgangamunna og því breytist afmörkun á vatnsverndarsvæði.

### 1.1 Markmið breytingar

Markmið breytingarinnar er fyrst og fremst að auka umferðaröryggi, tryggja greiðari samgöngur og bæta vegasamband með jarðgöngum undir Fjarðarheiði. Samgöngur verða áreiðanlegri og öruggari, einkum að vetri til. Það mun styrkja byggð og atvinnulíf á Seyðisfirði og Austurlandi öllu. Færsla á vatnsbóli er gerð með það að markmiði að draga mjög úr mengunarhættu fyrir vatnsbólíð vegna framkvæmda við Fjarðarheiðargöng og verði til framtíðar ofan stofnvegur til Seyðisfjarðar.

## 1.2 Umhverfismat áætlunarinnar

Fjallað er um umhverfisáhrif áætlunarinnar í umhverfismatsskýrslu í 4. kafla.

Vegagerðin sem er framkvæmdaraðili fékk VSÓ ráðgjöf til að vinna umhverfismat framkvæmdarinnar. Álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum lá fyrir 22. desember 2022 og uppfyllir umhverfismatsskýrslan skilyrði laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Gögn úr umhverfismati framkvæmdarinnar eru nýtt fyrir umhverfismat áætlunarinnar.

## 1.3 Skipulagsgögn

Skipulagsuppdráttur er teiknaður eftir loftmynd frá Loftmyndum ehf. og kortagrunnum sveitarfélagsins. Hnitakerfið er ISN93.

Skipulagsgögn eru þessi greinargerð og tveir skipulagsuppdrættir:

- Þéttbýlisuppdráttur Aðalskipulags Seyðisfjarðar 2010-2030 í mkv. 1:10.000, dags 27.01.2023.
- Sveitarfélagsuppdráttur Aðalskipulag Seyðisfjarðar 2010-2030 í mkv. 1:50.000. dags 27.01.2023.

## 2 FORSENDUR

### 2.1 Staðhættir

Seyðisfjörður liggur inn í Seyðisfjarðarflóa frá austri til vesturs og beygir til suðurs innst, þar sem samnefndur kaupstaður er fyrir botni fjarðarins. Undirlendi er fremur lítið inni í botninum en út með firði er það talsvert meira. Fjörðurinn er umgirtur háum fjöllum sem eru hæst um 1100 metrar. Frá náttúrunnar hendi er hafnaraðstaðan á Seyðisfirði einstök og hefur hún gert Seyðisfjörð að mikilvægri höfn og samgönguæð allt frá árinu 1901 til dagsins í dag, t.d. vegna nálægðar sinnar við meginland Evrópu. Norræna, eina farþega- og bílaferjan sem siglir milli Íslands og Evrópu, kemur vikulega til Seyðisfjarðar allt árið.

Atvinnustarfsemi á Seyðisfirði er fjölbreytt, þar má helst nefna ferðaþjónustu, sjávarútveg, þjónustu í kringum ferjuna og verslun. Ferðaþjónusta er ein af lykilatvinnugreinum á Seyðisfirði og hefur ófærð á Fjarðarheiði oft sett uppbyggingu á heilsársferðaþjónustu á svæðinu í uppnám. Vinsælt skíðasvæði er í Stafdal og sér Skíðafélagið um rekstur svæðisins en það var stofnað með sameiningu skíðadeilda Hugins og Hattar árið 2008<sup>1</sup>. Stafdalur er við Seyðisfjarðarveg (nr. 93). Á svæðinu eru tvær diskalyftur og fjölbreyttar skíðabrekkur auk þess sem skíðaskáli er á svæðinu.

---

<sup>1</sup> SKÍS (á.á). *Skíðafélagið í Stafdal*. Sótt þann 1. júlí 2022 á vef stafdalur.is

### 2.1.1 Nýr vegur

Núverandi vegtenging til Seyðisfjarðar er um Seyðisfjarðarveg (nr. 93), milli Héraðs og Seyðisfjarðar um Fjarðarheiði, samtals um 27,3 km langur stofnvegur. Fjarðarheiði er hæsti fjallvegur (620 m.y.s) á landinu til þéttbýlisstaðar og er það eina vegtengingin til Seyðisfjarðar. Að auki eru brattar brekkur, beggja vegna Fjarðarheiðar, sem oft eru verulegur faratálmi fyrir flutningabíla og fólksbíla, t.a.m. þeirra sem koma með Norrænu. Þá daga sem ferjan kemur eða fer er mjög mikil umferð um Fjarðarheiði og hefur hún oft verið mesta samgönguhindrunin sem farþegar úr ferjunni mæta í öllu sínu ferðalagi um Ísland. Aðkoma inn í þéttbýlið er um Seyðisfjarðarveg, inn í bæinn frá vestri um Vesturveg þar til hann skiptist í tvennt á gatnamótum við Ránargötu og Austurveg. Þessir vegir liggja svo áfram út með byggðinni beggja vegna fjarðarins.

Svæðið sem nýr vegur fer um er að miklu leyti raskað land s.s. golfvöllur, gömul tún, uppgræðsla og gamalt efnistökusvæði. Næst jarðgangamunna er landið að mestu mólendi. Ekkert þykir jarðfræðilega sérstakt á nýrri leið en ofan á berggrunninum er ýmist þunnur mýrarjarðvegur eða skriðumylsna og klapparbríkur sem eru að mestu án jarðvegs<sup>2</sup>.

### 2.1.2 Jarðgöng og gangamunni

Fyrirhuguð jarðgöng munu liggja undir Fjarðarheiði og eru um 13,3 km löng, frá gangamunna á Seyðisfirði til gangamunna á Fljótshéraði.

Skv. gildandi aðalskipulagi er gangamunni sýndur á uppdrætti við Fjarðarsel, í um 95 m hæð yfir sjávarmáli. Sú staðsetning er ekki talin ákjósanleg þar sem hún lengir jarðgöngin um 800 m. Ný staðsetning gangamunna liggur nálægt núverandi vegi eða n.t.t. norðan við Gufufoss, í um 130 m hæð yfir sjó. Gufufoss er einn af fjölda fossa sem fellur fram af hraunhjöllum í Fjarðará og sést vel frá núverandi Seyðisfjarðarvegi. Þar er stikuð gönguleið og útsýnisskot með útsýni að Gufufossi. Frá fyrirhuguðum gangamunna er viðsýnt í austurátt út fjörðinn en útsýnið takmarkast í aðrar áttir vegna hárra fjalla. Þar er að mestu lyng- og grasivaxið mólendi með lítilsháttar kjarrgróðri.

### 2.1.3 Göngu-, hjóla og reiðleiðir

Skv. gildandi skipulagi er skilgreind reiðleið frá hesthúsaferfi upp að svæði fyrir ofan golfvöll og athafnasvæði. Einnig eru skilgreindir göngustígar meðfram Fjarðará og upp að Gufufossi.

### 2.1.4 Efnistöku- og efnislosunarsvæði við Fjarðarheiðagöng

Fyrir framkvæmdir við Fjarðarheiðargöng er skilgreint 13 ha stórt efnistöku- og efnislosunarsvæði norðan við fyrirhugaðan gangamunna og liggur það upp undir skógræktarsvæðið Selhjallaskóg. Seyðisfjarðarlína 1 mun liggja í gegn um svæðið. Gert er ráð fyrir að svæðið verði nýtt fyrir efni úr

---

<sup>2</sup> Jarðfræðistofan(2020). Fjarðarheiðagöng. Jarðfræði og jarðmyndanir við veglínur að fyrirhuguðum munnum Fjarðarheiðaganga. Unnið fyrir Vegagerðina.



jarðgöngunum til efnisvinnslu, tímabundið undir umframefni sem ekki verður nýtt í vegagerð og athafnasvæði fyrir verktaka til að geyma vélar og tæki. Efnið verður geymt þar tímabundið til síðari nota til vegagerðar, viðhalds vega og með möguleika á að nýta það smám saman til framkvæmda í sveitarfélaginu eftir samkomulagi.

Efnistöku- og efnislosunarsvæðið er staðsett innan núverandi grannsvæðis vatnsverndar og þarf því að gæta ströngustu varúðarráðstafana gagnvart mengunarhættu. Þegar búið verður að færa vatnsból Seyðisfjarðar, eins og áformað er skv. þessari aðalskipulagsbreytingu, þá verður efnistöku- og efnislosunarsvæðið ekki lengur innan grannsvæðis vatnsverndar.

#### 2.1.5 Golfvöllur

Hagavöllur er níu holu golfvöllur Golfklúbbs Seyðisfjarðar. Völlurinn er rétt innan við kaupstaðinn, neðarlega í suðurhlíðum Bjólfs og norðan megin núverandi vegar að þéttbýli.

#### 2.1.6 Vatnsverndarsvæði

Vatnsból Seyðisfjarðar er í Fjarðará, ofarlega í inntakslóni Fjarðarselsvirkjunar. Stofnlögn vatnsveitunnar liggur þaðan að vatnshreinsistöð við Drottningalæk og síðan áfram í bæinn. Þar sem vatnið er yfirborðsvatn er það grófhreinsað með mekanískri grófsíu, fínsíu með sandsíu og lýst með útfjólubláu ljósi.

Fyrirhugaður jarðgangamunni við Gufufoss er um 600 m ofan við núverandi vatnsból Seyðfirðinga og er hann, ásamt fyrirhuguðu efnistökusvæði og nýjum vegi innan grannsvæðis vatnsverndar. Í álitni Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum Fjarðarheiðarganga<sup>3</sup> kemur fram að í umsögnum um matið hafi komið fram áhyggjur af neikvæðum áhrifum á vatnsvernd þar sem gangamunni og haugsetningarsvæði liggja nálægt neysluvatnsbóli Seyðisfjarðar. Í matinu kemur fram að Vegagerðin hafi sett fram sértækar aðgerðir til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif en að Vegagerðin hafi einnig, í kjölfar umsagna HEF veitna, sem reka vatnsveituna á Seyðisfirði, hafið skoðun á fýsileika þess að færa inntakslón ofar í ána, upp fyrir fyrirhugaðan gangamunna. Vegagerðin er með til skoðunar að færa vatnsinntak vatnsbólsins upp fyrir framkvæmdarsvæðið til að tryggja öryggi vatnsbólsins sem mest. Sú vinna stendur yfir og gerir aðalskipulagsbreytingin ráð fyrir þessari færslu.

#### 2.1.7 Náttúruvá

Á Seyðisfirði er víða ofanflóðahætta og liggur fyrir hættumat fyrir þéttbýlið á Seyðisfirði sem var endurskoðað árið 2019 og staðfest af umhverfis- og auðlindaráðherra árið 2020. Fyrirhugaður gangamunni og nýr vegur eru ekki innan þess svæðis sem hættumatið nær yfir. Veðurstofa Íslands var því fengin til að meta ofanflóðahættu fyrir jarðgangamunna og veglínu. Helstu niðurstöður

---

<sup>3</sup> Sjá álit Skipulagsstofnunar á umhverfisáhrifum Fjarðarheiðarganga á vef Skipulagsstofnunar: <https://www.skiplag.is/umhverfismat-framkvaemda/gagnagrunnur-umhverfismats/alit-skiplagsstofnunar-111/nr/1103#amum>



hættumatsins eru að ofanflóðahætta á fyrirhuguðum vegkafla milli hættumetna svæðisins á Seyðisfirði og Fjarðarheiðaganga telst ásættanleg samkvæmt viðmiðum norsku Vegagerðarinnar.

#### 2.1.8 Gróður og dýralíf

Samkvæmt umhverfismatskýrslu Vegagerðarinnar voru kortlagðar 28 vistgerðir í 9 vistlendum á framkvæmdarsvæði ganganna, sem má teljast nokkur fjölbreytni á ekki stærra svæði. Áhrifasvæði framkvæmdarinnar einkennist helst af rýru mólendi og manngerðum svæðum.

Alls sáust 118 fuglar af 14 tegundum innan framkvæmdarsvæðis ganganna, þar af 77 varppör/óðöl 13 tegunda. Þrjár varptegundir á svæðinu eru á valista, snjótittlingur, tjaldur og kría.

Á Seyðisfirði og nágrenni hans ganga hreindýr oft á vetrum töluvert í nágrenni Stafalds og niðurundir bæ á Seyðisfirði. Hreindýrahópar sjást oft á Fjarðarheiði og þá einkum á fengitíma og á vetrum. Samkvæmt skráningum um ákeyrð dýr frá 1999-2018 hefur verið keyrt á eitt dýr í botni Seyðisfjarðar árið 2010.

## 2.2 Fornleifar

Árið 2021 var unnin fornleifaskráning af fyrirhuguðu framkvæmdasvæði af Fornleifastofnun Íslands og voru niðurstöður birtar í skýrslunni *Fjarðarheiðagöng: fornleifaúttekt*. Viðbótarrannsókn var síðan unnin árið 2021 af Antikva ehf og voru niðurstöður birtar í skýrslunni *Fjarðarheiðargöng. Fornleifaskráning vegna breytinga á veglínu*. Sum svæðanna sem hér er verið að leggja til breytingar á eru að hluta til utan skráningarsvæða.

Alls voru skráðar 34 fornleifar og þar af voru 18 fornleifar innan framkvæmda- og haugsetningarsvæðis nýrrar veglínu, allar í landi Fjarðar og teljast fimm þeirra hafa mikið eða mjög mikið verndargildi. Fyrirhuguð framkvæmd kemur til með að raska fornleifum og hefur Minjastofnun Íslands bent á nauðsynlegar aðgerðir sem grípa þarf til vegna fornleifa sem Vegagerðin hefur fallist á. Óheimilt er að fara í framkvæmdir á minjastöðum án samráðs við Minjastofnun Íslands og í álit Skipulagsstofnunar um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar<sup>4</sup> kemur fram að fornleifarannsókn þarf að hafa farið fram, áður en kemur til framkvæmdaleyfis, og niðurstöður þeirrar rannsóknar bornar undir Minjastofnun Íslands.

Komi áður óþekktar minjar í ljós á framkvæmdatíma skal hafa samband við Minjastofnun Íslands skv. 24. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar.

---

<sup>4</sup> Sjá álit Skipulagsstofnunar á umhverfisáhrifum Fjarðarheiðarganga á vef Skipulagsstofnunar: <https://www.skipulag.is/umhverfismat-framkvaemda/gagnagrunnur-umhverfismats/alit-skipulagsstofnunar-111/nr/1103#amum>

## 2.3 Tengsl við aðrar áætlanir

### 2.3.1 Landsskipulagsstefna 2015-2026

Við gerð þessarar aðalskipulagsbreytingar er horft til eftirfarandi markmiða í Landsskipulagsstefnu:

#### „2.6 Sjálfbærar samgöngur

*Skipulag landnotkunar feli í sér samþætta stefnu um byggðarþróun í þéttbýli og dreifbýli með áherslu á greiðar, öruggar og vistvænar samgöngur og fjölbreyttan ferðamáta.“*

#### „2.6.1 Samgöngur innan vinnusóknarsvæða

*Skipulagsgerð sveitarfélaga stuðli að greiðum samgöngum innan skilgreindra vinnusóknar- og þjónustusvæða meginkjarna, með styrkingu byggðar að leiðarljósi.“*

#### „3. Búsetumynstur og dreifing byggðar

*Þróun þéttbýlis og fyrirkomulag byggðar stuðli að sjálfbærni með áherslu á gæði í hinu byggða umhverfi og markvissu og samþættu skipulagi byggðar og samgangna.“*

#### „3.3 Gæði hins byggða umhverfis

*Skipulag byggðar og bæjarhönnun stuðli að gæðum í hinu byggða umhverfi og að yfirbragð og mælikvarði nýrrar byggðar falli að bæjarmynd viðkomandi staðar og sögulegri byggð. Jafnframt verði stuðlað að heilnæmu umhverfi sem veiti góð skilyrði til búsetu og möguleika til fjölbreyttrar útiveru.“*

### 2.3.2 Drög að Samgönguáætlun 2024-2038

Í drögum að Samgönguáætlun 2024-2038 eru Fjarðarheiðargöng nr. 1 í þeirri forgangsörðun jarðgangakosta sem Vegagerðin hefur lagt fram með hliðsjón af markmiðum samgönguáætlunar um greiðar samgöngur, öruggar samgöngur, hagkvæmar samgöngur, umhverfislega sjálfbærar samgöngur og jákvæða byggðarþróun. Einnig var tekið tillit til hversu brýnt vandamálið er sem viðkomandi jarðgöng leysa. Breyting á aðalskipulagi er hluti af undirbúningsferli framkvæmdarinnar.

### 2.3.3 Deiliskipulag

Á hluta svæðisins er eftirfarandi deiliskipulag í gildi:

- *Fjarðarárvirkjun, sem samþykkt var 04.07.2005.*

Nýr vegur og gangamunni fara um deiliskipulagssvæði Fjarðarselsvirkjunar og gera þarf breytingu á deiliskipulagi vegna framkvæmdarinnar. Breytt veglína og breytt staðsetning gangamunna er ekki talin hafa áhrif á starfsemi eða mannvirki virkjunarinnar.

### 3 BREYTING Á AÐALSKIPULAGI

Tillaga að aðalskipulagsbreytingu tekur til breytinga í greinargerð, á þéttbýlisuppdrætti og á sveitarfélagsuppdrætti. Eins og fram hefur komið er breytingin sett fram í 5 liðum.

#### 3.1 Jarðgöng og nýr vegur

Fyrirhuguð breyting er í samræmi við stefnu aðalskipulags og markmiðs um að bæta samgöngur á landi og bæta aðstöðu til móttöku ferðamanna sem koma til Seyðisfjarðar með bílferju og skemmtiferðaskipum. Í aðalskipulaginu kemur einnig fram að það sé brýnt fyrir þróun byggðarinnar að vegurinn yfir Fjarðarheiði verði settur í jarðgöng undir heiðina.

Skilgreindur er nýr stofnvegur frá gangamunna að þéttbýli Seyðisfjarðar. Núverandi vegur yfir Fjarðarheiði verður lagður af sem stofnvegur en honum verður þó áfram haldið við sem landsvegi í flokki þjóðvega yfir Fjarðarheiði, en sem tengivegi frá skíðasvæðinu í Stafdal og niður að Seyðisfjarðarvegi utan við gangamunna við Gufufoss.

##### 3.1.1 Breyting á greinargerð

Eftirfarandi markmiðum er bætt við í kafla **A. Umferð og Samgöngur**:

- Stefna skal að því að uppbygging samgöngumannvirkja raski sem minnst viðkvæmri náttúru og vanda skal frágang að framkvæmdum loknum.

##### 3.1.2 Breyting á uppdrætti

Gerð er breyting á þéttbýlis- og sveitarfélagsuppdrætti.

Jarðgangamunni á þéttbýlisuppdrætti er tekinn út og í staðinn eru jarðgöng sett inn á sveitarfélagsuppdrátt með jarðgangamunna við Gufufoss, í samræmi við hönnun Vegagerðarinnar. Nýr stofnvegur er skilgreindur frá gangamunna og að kirkjugarðinum við Langatanga. Á sveitarfélagsuppdrætti mun þá núverandi vegur yfir heiðina og að skíðasvæðinu í Stafdal verða skilgreindur sem aðrir vegir. Frá skíðasvæðinu að tengingu við stofnveg við Gufufoss verður vegurinn skilgreindur sem tengivegur. Einnig er gert ráð fyrir undirgöngum undir nýja veginn við útvistarsvæði, þ.e.a.s. við golfvöll og svæði til hestamennsku, í þeim tilgangi að tryggja aðgengi gangandi og ríðandi að svæðunum beggja vegna vegar. Núverandi vegur inn með Fjarðará mun tengjast nýjum stofnvegi með T-gatnamótum við kirkjugarðinn og tengja svæðið inn að Fjarðarárvirkjun við gatnakerfið.

### 3.2 Göngu-, hjóla- og reiðleiðir

Stefna um gönguleiðir er óbreytt frá gildandi skipulagi. Gerðar eru breytingar á legu göngu-, hjóla- og reiðleiða.

#### 3.2.1 Breyting á uppdrætti

Á þéttbýlisuppdrætti eru skilgreindar nýjar göngu- og hjólaeiðir sem tengja golfvöll og hesthúsabyggð við göngustígakerfi bæjarins. Göngu- og reiðleiðir eru aðlagðar að breyttri landnotkun og nýjum vegi.

### 3.3 Efnistöku- og efnislosunarsvæði

Stefna um efnistökusvæði er óbreytt frá gildandi skipulagi. Bætt er við nýju efnistöku- og efnislosunarsvæði norðan við gangamunna.

#### 3.3.1 Breyting á greinargerð

Eftirfarandi skilmálum er bætt við í kafla B. Veitur undir lið **8. Efnistaka:**

E13 Fjarðarheiðagöng. Efnislosunar- og vinnslusvæði fyrir það efni sem fellur til við gerð Fjarðarheiðarganga og fyrir efni sem nýtist ekki til byggingar nýs vegar að þéttbýlinu. Á svæðinu er einnig gert ráð fyrir athafnasvæði fyrir verktaka tengdum gangagerð, vegagerð eða efnisflutningum og til að geyma vélar og tæki. Svæðið er hugsað sem tímabundið haugsetningarsvæðið fyrir allt að 420.000 m<sup>3</sup> af efni sem nýtist til síðari nota til vegagerðar, viðhalds vega og annarra framkvæmda í sveitarfélaginu eftir samkomulagi. Tíu til fimmtán árum eftir að framkvæmdum við jarðgöng lýkur er gerð krafa um að svæðið verði grætt upp með gróðurtegundum sem henta fyrir svæðið og það látið falla að aðliggjandi landslagi eins og mögulegt er. Raska skal sem minnst af landi. Heildar stærð svæðis er allt að 13 ha.

#### 3.3.2 Breyting á uppdrætti

Efnistökusvæðið Fjarðarheiðagöng (E13) er afmarkað á sveitarfélagsuppdrátt.

### 3.4 Opin svæði til sérstakra nota, óbyggð svæði, athafnasvæði og iðnaðarsvæði

Gerð er breyting á afmörkun landnotkunarreita til að aðlaga landnotkun að breytingu á legu vegar að þéttbýlinu.

#### 3.4.1 Breyting á uppdrætti

Á þéttbýlisuppdrætti er breyting á afmörkun fyrir opið svæði nr. 5 golfvöllur og nr. 6 svæði til hestamennsku.

Á þéttbýlisupprætti er breyting á afmörkun athafnasvæðis við kirkjugarðinn vegna aðlögunar að nýjum vegi og breytingu á tengingu við eldri veg.

Á þéttbýlisupprætti er breyting á afmörkun á iðnaðarsvæði fyrir Fjarðarselsvirkjun breytt vegna færslu á golfvelli.

### 3.5 Vatnsból og vatnsverndarsvæði

Gerð er breyting á staðsetningu á vatnsbóli og afmörkun á vatnsverndarsvæðum.

#### 3.5.1 Breyting á upprætti

Breyting er gerð á þéttbýlis- og sveitarfélagsupprætti. Brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði vatnsverndar er tekið út af þéttbýlisupprætti. Brunnsvæði vatnsverndar er sett inn á sveitarfélagsupprætt og afmörkun grannsvæðis og fjarsvæðis vatnsverndar breytt.

## 4 UMHVERFISMATSSKÝRSLA

Umhverfismatsskýrsla þessi er unnin skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Við matið er stuðst við ríkuleg gögn og umfjöllun úr umhverfismati Fjarðarheiðaganga en fyrir liggur matsskýrsla dags. 05.07.2022 og álit Skipulagsstofnunar frá 22.12.2022. Gögn umhverfismatsins eru aðgengileg í gagnagrunni umhverfismats á vefsíðu Skipulagsstofnunar.

### 4.1 Vægi umhverfisáhrifa

Í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um umhverfismat áætlana segir; „Vægi umhverfisáhrifa fer almennt eftir eðli, gerð, umfangi, tíðni og tímalengd breytinganna sem eru fyrir séðar á umhverfinu.“ Við mat á vægi áhrifa er litið til þess hvort áhrifin séu marktæk á svæðis-, lands- eða heimsvísu og nái til fjölda fólks eða þess hvort áhrifin séu óafturkræf og til langs tíma. Áhrifin geta verið jákvæð, neikvæð, óveruleg eða óviss.

Tafla 1. Vægi áhrifa.

VÆGI ÁHRIFA	SKÝRING
Jákvæð	Áhrif áætlunar á umhverfisþátt/-þætti eru talin til bóta fyrir umhverfið eða bæta hag þorra íbúa og/eða gesta á beinan eða óbeinan hátt. Breytingin sem hlýst af framfylgd áætlunarinnar eru yfirleitt varanleg og geta verið staðbundin en er yfirleitt svæðis-, lands- eða heimsvísu. Áhrifin samræmast lögum og reglugerðum, stefnumörkun stjórnvalda og alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.
Óveruleg	Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfisþátt/-þætti eru engin eða minniháttar, með tilliti til umfangs svæðis og viðkvæmni þess fyrir breytingum, ásamt fjölda fólks sem verður fyrir áhrifum. Áhrifin eru í mörgum tilfellum tímabundin og að mestu afturkræf. Áhrifin eru oftast stað- eða svæðisbundin. Áhrifin samræmast ákvæðum laga og reglugerða, almennri stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.
Neikvæð	Áhrif af áætluninni eru talin skerða eða rýra gildi tiltekins umhverfisþátta/-þátta á beinan eða óbeinan hátt eða valda ónæði, óþægindum, heilsutjóni eða auknu raski fyrir íbúa og/eða gesti. Áhrifin geta verið varanleg og/eða óafturkræf, staðbundin eða lands-/heimsvísu. Áhrifin geta að einhverju leiti stangast á við ákvæði laga, reglugerða, stefnumarka stjórnvalda eða alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að.

Óviss	Ekki er vitað um eðli eða umfang umhverfisáhrifa á tiltekna umhverfisþætti, m.a. vegna skorts á upplýsingum, tæknilegra annmarka eða skorts á þekkingu. Það getur verið unnt að afla upplýsinga um áhrifin með frekari rannsóknum eða markvissri vöktun. Þá geta áhrif verið háð útfærslu framkvæmdar.
-------	--

## 4.2 Umhverfisþættir, matsspurningar og viðmið

Umvhverfisþáttur er tiltekinn þáttur, s.s. gróðurfar, landslag eða félagslegir þættir, sem talinn er geta orðið fyrir áhrifum af framkvæmdum og aðgerðum sem leiða af þeirri stefnu sem skoðuð er hverju sinni.

Áhrif af stefnu aðalskipulagsins á einstaka þætti umhverfisins eru metin og gefin einkunn, m.a. eftir því hvort þau eru talin jákvæð eða neikvæð. Forsendur við mat á umhverfisáhrifum byggja á tveimur meginþáttum sem eru:

- Viðmið í lögum og reglugerðum, stefnumótun stjórnvalda og skuldbindingar á alþjóðavísu.
- Greining á einkennum og vægi áhrifa á einstaka umhverfisþætti skv. fyrirbyggjandi gögnum.

Við matið er horft til neðangreindra umhverfisþátta sem gætu orðið fyrir áhrifum vegna skipulagsbreytingarinnar og leitast við að svara eftirfarandi matsspurningum:

Tafla 2. Yfirlit yfir umhverfisþætti, matsspurningar og viðmið.

UMHVERFISÞÁTTUR	MATSSPURNING	VIÐMIÐ
Jarðmyndanir	Hefur breytingin áhrif á jarðmyndanir sem njóta verndar eða þykja sérstæðar ?	- 3. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. - Náttúruminjaskrá: A, B og C hluti. - Aðalskipulag Seyðisfjarðar 2010-2030.
Gróður og dýralíf	Hefur breytingin áhrif á gróður og dýralíf ? Hefur breytingin áhrif á plöntur og dýr á válista ?	- 2. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. - Válistar Náttúrufræðistofnunar. - Úttekt á lífríki á áhrifasvæði mögulegra veglína Fjarðarheiðaganga (Náttúrufræðistofa Austurlands, 2021). - Viðbótarrannsókn Náttúrustofu Austurlands á lífríki á áhrifasvæði mögulegra veglína Fjarðarheiðaganga (Náttúrustofa Austurlands, 2021). - Bernarsamningurinn um villtar plöntur og dýr. - Ramsarsamningurinn.
Landnotkun	Hefur breytingin áhrif á landnotkun ?	- Aðalskipulag Seyðisfjarðar 2010-2030. - Landsskipulagsstefna 2015-2026.
Ásýnd og landslag	Hefur breytingin áhrif á ásýnd svæðisins ? Hefur breytingin áhrif á landslag ? Hefur breytingin sjónræn áhrif ?	- 3. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. - Landslag á Íslandi – flokkun og kortlagning landslagsgerða á Íslandi, 2020
Vatnafar og vatnsvernd	Hefur breytingin áhrif á vatnsverndarsvæði ?	- Aðalskipulag Seyðisfjarðar 2010-2030 - Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. - Reglugerð 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. - Reglugerð 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns.

UMHVERFISÞÁTTUR	MATSSPURNING	VIÐMIÐ
Samfélag	Hefur breytingin áhrif á atvinnu í sveitarfélaginu ? Stuðlar breytingin að styrkingu byggðar?	- Aðalskipulag Seyðisfjarðar 2010-2030. - Landsskipulagsstefna 2015-2026.
Náttúru- og menningarminjar	Hefur breytingin áhrif á fornminjar ? Hefur breytingin áhrif á náttúruminjar ? Hefur breytingin áhrif á verndarsvæði ?	- Lög nr. 80/2012 um menningarminjar. - Fornleifaskráning vegna Fjarðarheiðaganga (Fornleifastofnun Íslands, 2021). - Fornleifaskráning vegna breytinga á veglínu Seyðisfjarðarmegin (Antikva, 2021). - Aðalskipulag Seyðisfjarðar 2010-2030.
Heilsa og öryggi	Hefur breytingin áhrif á umferðaröryggi? Er hættu á mengun af völdum breytingarinnar ?	- Reglugerð nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengun. - Reglugerð nr. 724/2008 um hljóðvist.

### 4.3 Valkostir og umhverfisáhrif

#### 4.3.1 Jarðgöng og nýr vegur

##### 1. Núll kostur:

Gildandi aðalskipulag. Staðsetning gangamunna er við Fjarðarsel. Staðsetning á jarðgöngum er ekki merkt inn á uppdrátt. Gert er ráð fyrir stofnvegi yfir Fjarðarheiði og að lega vegarins að Seyðisfirði sé óbreytt.

##### 2. Valinn kostur:

Breytt aðalskipulag. Staðsetning gangamunna er við Gufufoss og þaðan eru merkt jarðgöng undir Fjarðarheiði í átt að sveitarfélagsmörkum. Jarðgöng eru 800 metrum styttri en í núll kosti. Nýr stofnvegur frá gangnamunna liggur norðan við núverandi veg til Seyðisfjarðar.

#### Umhverfisáhrif:

##### Núll kostur:

- Áhrif á *jarðmyndanir* er metin óveruleg en engar sérstæðar jarðmyndanir eru á svæðinu.
- Áhrif á *gróður og dýralíf* er metin óviss vegna skorts á upplýsingum og öflun upplýsinga. Einnig liggur ekki fyrir hvar á að setja efnið sem kemur úr göngunum á framkvæmdartíma.
- Áhrif á *landnotkun* er metin óveruleg þar sem landnotkun helst óbreytt.
- Áhrif á *ásýnd og landslag* er metin neikvæð þar sem framkvæmdir á óbyggðu svæði munu óhjákvæmilega breyta ásýnd svæðis en þó á afmörkuðu svæði. Einnig liggur ekki fyrir hvar á að setja efnið sem kemur úr göngunum á framkvæmdartíma.
- Áhrif á *vatn og vatnafar* er metin neikvæð, þar sem gangamunni er staðsettur innan vatnsverndarsvæðis og hættu á mengun er fyrir hendi.
- Áhrif á *samfélag* er metin jákvæð, betra umferðaröryggi og rof á vetrareinangrun á Seyðisfirði sem styður við fjólsfjöldgun og búsetu á svæðinu.



- Áhrif á *náttúru og menningarminjar* eru metin óviss vegna skorts á upplýsingum og öflun upplýsinga um fornleifar við gangamunna en jarðgöngin sjálf koma ekki til að með að hafa bein áhrif á fornleifar. Engin friðlýst svæði verða fyrir áhrifum né svæði sem eru á C-hluta náttúruminjaskrár. Einnig liggur ekki fyrir hvar á að setja efnið sem kemur úr göngunum á framkvæmdartíma.
- Áhrif á *heilsu og öryggi* er metin jákvæð, með jarðgöngum er verið að tryggja íbúum meira umferðaröryggi og rjúfa vetrareinangrun Seyðisfjarðar. Núverandi vegur uppfyllir ekki öryggiskröfur Vegagerðarinnar, um breidd og hámarkshalla stofnvegur. Jarðgöng og þar með talið framkvæmdarsvæði gangagerðar er innan vatnsverndarsvæðis getur aukið hættu á áhrifum á vatnsból Seyðfirðinga.

#### Valinn kostur:

- Áhrif á *jarðmyndanir* er metin óveruleg, jarðgangamunninn er staðsettur nálægt Gufufossi og gera má ráð fyrir töluverðu tímabundnu raski á nánasta umhverfi við fossinn en áhersla er lögð á vandaðan frágang að framkvæmdum loknum.
- Áhrif á *gróður og dýralíf* er metin óveruleg. Röskun mun verða á gróðri en á afmörkuðu svæði og mun það breyta einkennum gróðurfars að einhverju leyti. Ekki er talið að breytingin muni hafa mikil áhrif á dýralíf enda liggur vegur nú þegar á stórum hluta leiðarinnar. Fuglar munu verða fyrir truflun á framkvæmdartíma en helstu áhrifin eru líklega í tapi á búsvæðum sem fara undir t.d. nýjan veg, efnistökusvæði og golfvöll. Minni umferð um Fjarðarheiði getur haft jákvæð áhrif á fugla og önnur dýr vegna minna ónæðis. Tímabundin fælandi áhrif gætu orðið á hreindýr sem líklega myndi ganga til baka að framkvæmdum loknum.
- Áhrif á *landnotkun* er metin óveruleg, nýr vegur liggur þvert yfir golfvöll og athafnasvæði. Vegna þess er áformað að færa völlinn suður fyrir nýja veglínu. Afmörkun á iðnaðarsvæði við Fjarðarselsvirkjun mun breytast vegna færslu á golfvelli en ekki hafa áhrif á starfsemi eða mannvirki virkjunarinnar.
- Áhrif á *ásýnd og landslag* er metin neikvæð, framkvæmdir á óbyggðu svæði munu óhjákvæmilega breyta ásýnd svæðis en þó á afmörkuðu svæði en stór hluti svæðisins er manngert land. Nýr vegur mun þekja að stórum hluta raskað land og liggur að mestu ofan núverandi veglínu, breytingar á landslagi vegna hennar eru minniháttar.
- Áhrif á *vatn og vatnafar* er metin óveruleg, jarðgangamunni og jarðgöng eru ekki staðsett innan vatnsverndarsvæðis.
- Áhrif á *samfélag* eru metin jákvæð þar sem mikill ávinningur er fyrir samfélagið að fá jarðgöng undir Fjarðarheiði, vetrareinangrun Seyðisfjarðar er rofin og er framkvæmdin líkleg til að styðja við fólksfjölgun og búsetu á svæðinu. Gert er ráð fyrir að umframefni sem ekki verður notað í vegagerð verði geymt á svæðinu og muni nýtast til framtíðar til framkvæmda í sveitarfélaginu s.s. vegagerð og annarra verkefna eftir samkomulagi.
- Áhrif á *náttúru og menningarminjar* eru metin óveruleg/neikvæð þar sem 4 fornleifar eru í stórhættu þar sem þær eru innan framkvæmdarsvæðis við gangamunna, jarðgöngin sjálf koma ekki til að með að hafa bein áhrif á fornleifar. Skráðar eru 13 fornleifar í stórhættu við nýjan veg frá gangamunna að þéttbýlinu. Ekki liggur fyrir

fullgild fornleifaskráning fyrir svæðið þar sem nýr golfvöllur kemur. Engin friðlýst svæði verða fyrir áhrifum né svæði sem eru á C-hluta náttúruinjaskrár.

- Áhrif á *heilsu og öryggi* eru metin jákvæð. Með tilkomu jarðganga verða samgöngur greiðari og kröfur um umferðaröryggi uppfylltar. Vegurinn verður öruggari með minni bratta og jafnari hæðarlegu. Undirgöng munu stórauka öryggi fyrir gangandi, hjólandi og hestamenn um svæðið. Búast má við tímabundnu ónæði vegna hávaða á framkvæmdatíma, þá aðalega á opnum svæðum s.s. á golfvelli og á svæði fyrir hestamennsku. Með færslu á vatnsbóli er verið að draga mjög úr hættu á áhrifum á vatnsbólið.

#### 4.4 Niðurstaða umhverfismats og mótvægisáðgerðir

Áhrif valkostanna þ.e.a.s. núllkost og valinn kost eru áþekkt, hvað varðar samfélag og umhverfi. Með jarðgöngum er verið að rjúfa vetrareinangrun Seyðfirðinga, stórbæta umferðaröryggi sem mun hafa jákvæð áhrif á byggð á Seyðisfirði og á Austurlandi öllu. Á heildina litið mun verða nokkuð umfangsmikið rask á landi en hluti þess mun vera afturkræft með vönduðum frágangi og uppgræðslu. Hægt er að milda áhrif rasks með því að nota svarðlag við frágang.

Helstu áhrif eru á landnotkun þar sem færa þarf golfvöll Golfklúbbs Seyðisfjarðar vegna nýrrar veglínu en á móti kemur að nýr vegur mun bæta umferðaröryggi vegfarenda. Tímabundin neikvæð áhrif munu verða á golfiðkun á meðan framkvæmdum stendur. Á þeim svæðum þar sem fornleifaskráning liggur ekki fyrir þarf að fornleifaskrá svæðið áður en framkvæmdaleyfi er gefið út eða á deiliskipulagsstigi. Þó að stór hluti golfvallarsvæðisins er á þegar röskuðu svæði er mikilvægt að huga á deiliskipulagsstigi að hlífa viðkvæmu gróðurlendi sem hefur hátt verndargildi og gera grein fyrir hvernig vistgerðum verður raskað á öröskuðum svæðum.

## 5 MÁLSMEÐFERÐ OG UMSAGNARAÐILAR

### 5.1 Málsmeðferð

#### Skipulagslýsing

Málsmeðferð hófst með gerð og kynningu skipulags- og matslýsingar og var hún auglýst þann 19. ágúst 2021 á vef sveitarfélagsins (mulathing.is) og í innansveitarblöðum og var almenningi gefinn kostur á að senda inn ábendingar og/eða athugasemdir til skipulagsfulltrúa til og með 2. september 2021. Einnig var haldinn rafrænn kynningarfundur 25. ágúst 2021 á facebook-síðu Múlaþings. Þar var hægt að senda inn fyrirspurnir á meðan á fundinum stóð og var þeim svarað að kynningu lokinni. Einnig var lýsingin send til umsagnar til Skipulagsstofnunar, Umhverfisstofnunar, Heilbrigðiseftirlits Austurlands, Minjastofnunar Íslands, Veðurstofu Íslands, Náttúrustofu Austurlands, Vegagerðarinnar og HEF-veitna. Umsagnir vegna lýsingar bárust frá Skipulagsstofnun, Veðurstofu Íslands og Minjastofnun Íslands og hefur verið höfð hliðsjón af þeim við gerð skipulagstillögunnar.

#### Tillaga á vinnslustigi

Tillagan var kynnt á vinnslustigi á vef sveitarfélagsins og á rafrænum íbúafundi þann 14.07.2022 þar sem íbúum og öðrum hagsmunaraðilum gafst kostur á að senda inn ábendingar/athugasemdir til skipulagsfulltrúa til 25.08.2022. Tillagan var send til umsagnaraðila og bárust umsagnir frá; Heilbrigðiseftirliti Austurlands, HEF veitum, heimastjórn Seyðisfjarðar, Minjastofnun Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands, Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun og Vegagerðinni. Í kjölfar umsagna var ákveðið að færa inntakslón vatnsveitu upp fyrir gangamunnann til að draga mjög úr hættu á áhrifum á vatnsból Seyðfirðinga.

#### Auglýsing á tillögu

Tillagan var auglýst frá 09.03.2023 til 21.04.2023 og gafst íbúum og öðrum hagsmunaaðilum kostur á að senda inn ábendingar/athugasemdir. Tillagan var einnig send til umsagnaraðila. Engar athugasemdir bárust formlega en orðalag í greinargerðinni var lagfært í samráði við Vegagerðina.

### 5.2 Yfirfarin útgáfa dags. 01.11.2023

Eftir auglýsingu var einungis gerð lagfæring á texta í greinargerð í samráði við Vegagerðina. Hnikkt var á skilgreiningu á vegi yfir Fjarðarheiði, einnig að tímabundin haugsetning á efni verði nýtt til síðari vegagerðar, viðhalds vega og annarra framkvæmda í sveitarfélaginu eftir samkomulagi.

### 5.3 Umsagnaraðilar breytingar

Umsagnaraðilar um aðalskipulagsbreytinguna eru eftirtaldir:

- Skipulagsstofnun

- Heilbrigðiseftirlit Austurlands
- Veðurstofa Íslands
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Náttúrustofa Austurlands
- Minjastofnun Íslands
- Vegagerðin
- Umhverfisstofnun
- HEF - veitur